

Athugasemdir vegna fyrirhugaðra raforkuflutninga ofan Akureyrar.

Árið 2010 keypti SS Byggir ehf, kt.620687-2519, um 28 hektara land út úr jörðinni Hlíðarenda, ofan Akureyrar. Landið sem um ræðir er mitt á milli byggðarinnar í bænum sjálfum og skíðaaðstöðu bæjarfélagsins í Hlíðarfjalli. Fyrirhuguð er uppbygging ferðapjónustu á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir m.a.: allt að 100 orlofshúsum, 4 gistiskálum, hóteli og jafnvel skíðalyftu til tengingar við skíðasvæðið sem liggur rétt ofan landspildu SS Byggir. Spildan hefur hlotið nafnið Hálönd. Í greinargerð sem gerð var samhliða og er hluti deiliskipulags svæðisins, kemur fram að mögulegt er að koma fyrir skíðabraut og skíðalyftu í landi Hálanda. Sjá kafla 2.4 og kort nr.4 á bls. 6 í greinargerð deiliskipulagsins frá 30.09.2010. Markaðssetning svæðisins er í fullum gangi og þar er lögð áhersla á tengingu svæðisins við skíðaaðstöðuna í Hlíðarfjalli. Upplýsingar um orlofshúsin er að finna á heimusíðunni: www.halond.is en áætlað er að hefja framkvæmdir á þessu ári. Lengi hefur tíðkast á Akureyri að skíðafólk renni sér niður undir þéttbýlismörk bæjarins á leið sinn heim af skíðum. Forsvarsmenn Hlíðarfjalls hafa lengi haft af því áhyggjur að núverandi fyrirkomulag slíkra skíðaferða skapi hættu enda liggur þessi óformlega skíðaleið meðfram þjóðvegi. Ný leið hefur verið hugsuð norðan vegarins og orlofsbyggðarinnar og er það hluti af markaðssetningu ferðapjónustunnar í Hálöndum að hægt verði að renna sér á skíðum og brettum heim að gístiaðstöðu í skála, hóteli eða orlofshúsi. Þannig er sérstaða Hálanda hugsuð sem forskot í harðri samkeppni ferðapjónustunnar. Sérstaða Hálanda snýst um fleira en nálægð við skíðaaðstöðu en í næsta nágrenni eru miklir möguleikar til útivistar og þar hefur mikil uppbygging átt sér stað á undanförunum árum. Ef Landsnet hyggst setja upp raflínur ofan svæðis Hálanda eru forsendur orlofsbyggðar brostnar og um leið veikjast forsendur áframhaldandi uppbyggingar Glerárdals sem útivistarsvæðis. Að klippa tengingu Hálanda við aðliggjandi skíðasvæði takmarkar mjög alla möguleika til uppsetningar skíðalyftu, skerðir möguleika til skíðamennsku og eyðileggur þá ásýnd og ímynd sem Hálönd gera út á. Hávaði frá háspennulínu er einnig áhyggjuefni ferðapjónustuaðila sem og stærð raunverulegs helgunarsvæðis raflína þegar gerð þeirra og umfang liggur endanlega fyrir. Fyrirliggjandi gögn segja lítið til um þessi mál og því rík ástæða fyrir hagsmunaaðila í ferðapjónustu, landeigendur og unnendur útivistar á svæðinu að mótmæla lagningu fyrirhugaðra háspennulína og bjóða í staðinn til umræðu um samstarf við skipulagningu á vinnu við lagningu jarðstrengs í gegnum þetta mikla útivistarsvæði sem þjónar stóru þéttbýli og gestum þess, árið um kring.

Meðfylgjandi er skýringarmynd sem sýnir afstöðu Hálanda, skíðasvæðis, fyrirhugaðrar háspennulínu og hvernig hún myndi slíta tengingu Hálanda við skíða- og útivistarsvæði í nágrenninu.

Akureyri 26. apríl 2012, f.h. SS byggir ehf, Sigurður Sigurðsson.

Skýringarmynd

